

Nd.

596. Nefndarálit

[139. mál]

um frv. til laga um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. nefndarinnar vill samþ. það óbreytt. En á það getur undirritaður ekki fallið.

Meginefni frumvarpsins er að afnema lagaskyldu ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði fyrir ákveðnar starfsstéttir í þjónustu ríkisins, en leggja í hendur ráðherra að ákveða, hvenær slíkt skuli gert.

Minni hlutinn telur, að hér sé of langt gengið. Ákvæði laga um skyldur ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði þurfa að vísu endurskoðunar við vegna breyttra þjóðfélagshátta. En á meðan það ástand varir, sem einkennandi hefur verið hin síðari ár, að stórkostlegir erfiðleikar eru á því að fá embættismenn til starfa í fjölmörgum byggðarlögum utan Reykjavíkur, næsta nágrennis hennar og e. t. v. á Akureyri, þá telur minni hlutinn ekki tímabært að fá einstökum ráðherrum í hendur ákvörðunarvald í þessum málum.

Í athugasemdum við frv. þetta kemur fram, að ríkisstjórnin hefur falið nokkrum embættismönnum í stjórnarráðinu að athuga þetta mál og semja frumvarpið.

Undirritaður lítur svo á, að undirbúningur málsins sé ónógur, og leggur til, að frv. verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem miklir og vaxandi erfiðleikar eru á því að fá menn til að gegna embættisstörfum víða um land og mál þetta virðist hafa fengið fremur einhliða undirbúning, þá telur deildin ekki tímabært að afnema með öllu lagaskyldu ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði fyrir ákveðnar starfsstéttir í þjónustu ríkisins, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson.